

Sýslumaðurinn á Patreksfirði

Aðalstræti 9

450 Patreksfjörður

Svefneyjum 19. júní 2024

**Efni: Friðlýsing æðarvarps**

Með vísun til ákvæða 18. gr. laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, sbr. reglugerð nr. 252/1996 um friðun tiltekinna villtra fuglategunda, friðlýsingu æðarvarps o.fl. óskar undirrituð hjón, eigendur jarðarinnar Svefneyjar á Breiðafirði, Reykhólahreppi, eftir að sýslumannsembættið friðlýsi æðarvörp í löndum jarðarinnar. Meðfylgjandi er kort af jörðinni sem unnin var af Landmælingum Íslands, örnefni Svefneyja skv örnefnaskrá (stimplað af Örnefnastofnun 9. Maí 1975) svo og yfirlit yfir æðardúns nýtingu á jörðinni frá 1988-2023.

Kveðja,

Áslaug Magnúsdóttir

DocuSigned by:  
Sacha Tueni  
EBA848BBAE8B456...

Sacha Tueni

## Kort af jörðinni Svefneyjar í Reykhólahreppi unnið af Landmælingum.



## Örnefni Svefneyja skv örnefnaskrá

ÖRNEFNASTOFNUN

9. maí 1975

Flatcyjarhreppur.

Svefneyjar 1

S v e f n e y j a r .

Heimaey (1) nefnist eyjan, sem íbúðarhúsið stendur á. Húsið er úr steinsteypu og var reist 1920-1930. Fyrr á tímum voru tveir og stundum þrjú bæir í eyjunni. Efstiber (2), síðar kallaður Innribær (3). Hann stóð þar, er fyrsti bærinn í Svefneyjum (4) mun hafa staðið. Þar bjó um aldamótin 1800 Einar yngri Sveinbjörnsson, faðir Eyjólfis, er kallaður var eyjajarl. Sá Eyjólfur var um skeið alþingismaður fyrir Barðastr. sýslu og hreppstjóri í Flatcyjarhreppi. Svo byggði Eyjólfur Ytribæinn (5), þar sem steinhúsið stendur nú, og bjó hann þar, en Maflíði sonur hans síðar. Í Miðvallarbanum (6) bjó Snæbjörn hreppstj. Kristjánsson, áður en hann fluttist báferlum í Hergilsey 1896. Suður frá steinhúsinu er hóll í túninu, sem kallaður er Þinghóll (7). Þar dálítið utar er hæð eða hóll nefndur Goðahóll (8). Austur af Goðahól er Hamar (9) og Barnaklettur (10) nær sjónum.

Milli Hamars og Þinghóls er Suðurvöllur (11), en flötin milli hans og bæjar kallast Megra (12). Vestur af Megru er Miðvöllur (13) og útnorður af honum Vesturvöllur (14), ytri endi hans heitir Kjallar aflöt (15). Suðvestanvert við Þinghól, er jarðsigið aflengt ferhyrnt gerði 28 m á lengd og 10 m á breidd. Í þann endann er

## Svefneyjar 2

að hólum snýr, er þvergarður yfir gerðið og litur út fyrir að hlið hafi verið á honum á einum stað. Öll þessi girðing, eða gerði, er mjög fornleg og víða aflögub. Kalla menn þetta nú á dögum Traoi (16), og má vera að þetta séu gamlir akrar. Klettaslitur eru í Þinghól þeim megin, sem garðarnir liggja að honum, og heitir þar Dómsæti (17). Sagt er, að þarna hafi verið Þingstaður Eyhreppinga (Svefneyjaþinghá) til forna. Þinghaldið var flutt úr Svefneyjum til Flateyjar 1894. Þarna við Þinghólinn eru fjórar mjög fornlegar tóttir, sem menn vita engin deili á.

Langaflöt (18) er suðvestur frá Þinghól og Tröðum. Undirtröð (19) heitir sunnan við hana. Innst og efst á henni er Gunnarskofi. Akrar (20) nefnist allstórt svæði á nesinu, fram af Lönguflöt og Undirtröð. Þeir eru 94 x 47 m og liggur girðing kringum þá, en síðan er þeim skipt með görðum í sex smærri reiti. Allar þessar girðingar eða garðar eru gamlir og víðast hlaðnir úr grjóti. Sagt er, að þarna hafi verið mikil kornrekt í gamla daga. Norðan við Akra er Akraholt (21). Akramýri (22), syðri og nyrðri, eru sín hvoru megin við Akraholt. Akravík (23) er útsuður af Ökrum. Þar eru gamlar tóttir. Alfta sumir, að þarna hafi verið sofnhús til forna, eða þá uppsátur róðrabáta. Steinbogi (24) liggur í norðaustur frá Undirtröð og inn á Tanga (25), og er hann eins og hlaðinn veggur, sem sjórinn fellur upp að. Hans verður síðar getið í sambandi við forn mannvirki, er menn þykjast sjá þar. Út af Ökrum eru Akraveggir (26), þeir eru framhald af Steinboga. Út og suður af

X (Svefneyjar gatu fyrst hafa heitið Sofneyjar)

## Svefneyjar 3

Þeim er Akrasker (27), eða Akraflaga (28). Hún fer í kaf um stærstu flæðar. Út af Vesturvelli er Leggjabrjótur (29). Suður af honum, en norðvestur af Miðvelli, er Langholt (30). Stórumýri (31) er norðan við Leggjabrjót. Skjallnes (32) gengur suðvestur frá Stórumýri. Austan við Skjallnes er Akravíkin, en að vestan Steinkellsvík (33), í suðausturhorni hennar er klettadrangur, nefndur Steinkell (34). Frá honum og inn að Stórumýri heitir Nesmór (35). Inn frá Skjallnesi, milli Stórumýrar og sjávar, er Skjallnesgrund (36). Stykkið inn frá henni að Leggjabrjót, nefnist Skallareitur (37). Milli hans og Akra, er Steinkuklettur (38) með Steinkuhelli (39). Utan til við Steinkellsvík er Ytranæs (40), sem stundum er aðeins kallað Nes (41). Fram af því í suðaustur er skeristö Spillir (42). Yzti tangi hans heitir Spillishaus (43) með Spillishálsi (44) ofan við. Norðvestur af Spilli, eru Langstrókasker (45) eða Landstrókasker. Það eru þrjú toppmyndað sker. Góðasund (46) er milli Ness og Spillis. Bæjarsund (47) liggur sunnanvert við Heimaey. Dálftið vestar, í því sundi, er Akraflaga, liggur smáhólmi, kallaður Steðji (48). Bæjarsund þornar um fjörur, en sjór fellur í það um hverja smástraumsflæði. Norðvestan við Nes, inn og uppi á Heimaey, heitir Steðjapartur (49). Norður af þeim parti, er Miðeyjarmýri (50). Innanvert í henni er Lómatjörn (51). Eyjarendavogur (52) skerst inn í Heimaey utanvert við

## Svefneyjar 4

Ytranes. Klettur fyrir botni hans heitir Hrafna - skjóli (53). Stekkhóll (54) er þar norður af, hann er hæsti hóll á Heimaey, 14 m á hæð. Sunnan við hann og utanvert við Miðeyjarmýri, er Miðeyjartjörn (55). Vestanvert í Stekkhól var Stekkurinn (56). Hann var notaður allt fram undir lok 19. aldar. Þar í nán er Stekkjarhvamur (57) og Stekkjartjörn (58), en Stekkhólsboði (59) er þar fyrir landi norður af.

Turnhóll (60) heitir norðan við Stekkjartjörn, en Draugagjá (61) suður af. Þumall (62) heitir hæðin ~~hæðin~~ sunnan Stekkjartjarnar. Utan við Stekkjartjörn kallast einu nafni Eyjarendi (63). Sunnan til á honum, er Eyjarendagrund (64). Lundaberg (65) er út af henni. Eyjarendamýri (66), ytri og innri, er norðan við Eyjarendagrund og Lundaberg. Þverbali (67) milli þeirra. Ut frá Ytri-Eyjarendamýri og Lundabergi, er Eyjarendinn, sem fyrr er nefndur, og nær hann að Eyjarendasundi (68). Utanvert í því sundi, út af Eyjarendanum, er Öðustandur (69). Þar norðan við er Eyjarendavík (70). Norðan við hana Bessatá (71) með Bessatárskeri (72). Inn frá Bessatá og norðan við Eyjarendamýri, er Péturspartur (73). Þúfnastykki norðan við ytri mýrin heitir Grátur (74). Milli Stekkhóls og Lómatjarnar <sup>1 av</sup> er Fagraflöt (75). Inn frá Steðjaparti, norðan Stórumýrar, er Stórhóll (76). Þar inn af er Torfhóll (77). Norðaustur af honum er Djúpavík (78), sem er milli Auðnhjalla (79) að vestan en Stráka (80) að austan.

## Svefnoyjar 5

Ut og norður af Djúpuvík eru Djúpuvíkurflögur (81).  
 Inn af Djúpuvík er Náttuginn (82), eldra nafn á honum er Strákagarður (83), og nær hann að Sandvík (84).  
 Ofan við Sandvík er Sandvíkurbali (85). Í suðvestur af honum, gengur yzt, <sup>Skáholt</sup> Skáholt (86) fram í Stórumýri. Þar í mýrinni, útsuður frá Skáholti, er Stóribrunnur (87), sem aldrei þrýtur. Inn af honum er Svarðarholt (88) með Svarðarholtsbrunni (89) norðan við Vesturvöll. Stakholt (90) er suðvestur af Svarðarholti. Inn frá Sandvíkurbala er Húsatún (91). Norðan við það er Húshöfði (92), inn við Sandvík. Í miðri Sandvík er Sandvíkursker (93). Birgishöfði (94) er innst á Húsatúni. Austur af honum er Sveinaklettur (95), þar er hægt að lenda um lág-sjávað. Aðallendingin á Heimaey er oft kölluð Sandur (96), Skiparétt (97) eða Naust (98). Þar er Nausthóll (99) og vestur frá honum, á leið til bæjar, Kallast Rani (100). Þar er torfkofi, sem aldrei má fella algerlega. Þegar gera þarf við Ranakofann (101), skal það gert í áföngum. Sunnan til á Rana eru Ranaklettur (102). Yzt á þeim, en þó uppi í túninu, austur frá bænum, er lítil graslaut eða bolli 4 m í þvermál, sem kallast Þrælalág (103) kennd við þræla Hallsteins landnámsmanns á Hallsteinsnesi, Þórólfs-sonar. Þrælarnir skyldu vinna við saltgerð þar í eyjunni. En þegar Hallsteinn kom að líta á verkið, fann hann þá alla sofandi í lautinni. Kipti þá'sómamaðurinn þeim með sér inn í Sviðnur og hengdi þá þar á hesta Gálga. Sjá Sviðnur. Neðan við Þrælalág, heitir Stöðull (104) og Stöðulbrekka (105). Þar er og Barnalein (106). Út af henni Jarlakinn (107). Neðan við hana, en vestar, er Piltaskemma (108), það er hellisskúti, og gengu menn þangað örna sinna í gamla daga. Vestan við

## Svefneyjar 6

Piltaskemmu eru klettur, sem kallaðir eru Haugar (109). Vestan við þá Gvendarbrunnur (110) kenndur við Guðmund bisk. góða. Þar suður af, en austur af Hamri, eru Þinghólsflögur (111), smá-skær. Í Gvendarbrunni er gott vatn, en hann þrýtur í miklum þunnum. Brunnurinn er hlaðinn við bakka í flæðarmáli, og er hleðslan úr grjóti og torfi. Langholtsbrunnur (112) er í útsuður af Gvendarbrunni. Nautabrunnur (113) þrýtur sjaldan. Hann er í norður frá bænum. Saltgrafir (114) eru sunnan undir Steinboga, sem fyrr er nefndur. Um þær segir Sigurður Vigfússon í Árbók Fornleifafélagsins 1893: "Þær eru fjórar að tölu, að því er nú sést, og liggja þær alveg þétt við Steinbogann. Hin stærsta er um 6 fet ( um 2 m ) í þvermál. Botninn í gröfum mun hafa verið steinlagður, og jafnvel mætti álíta, að klöppuð ~~hafa~~ verið vík inn í Steinbogann er myndi aðra hlið grafanna. Þær eru nokkuð aflagaðar, en hafa getað haldið, því hér er ekki sandur heldur klöpp undir. Þetta eru þær einu saltgrafir, sem nafn hefur haldið á og ég hef heyrt talað um. Þær eru því merkilegar." Þessar grafir eru á svæðinu frá Nausti og inn að Hjallahlein (115). Vestur frá húsinu er Mjulluhóll (116). Austan undir honum er Nfelsarbrunnur (117), og er hann talinn aðalvatnsból eyjunnar. Pálsmór (118) er norðaustur frá Mjulluhól. Milli hans og Rana er Ranamýri (119). Norðvestur frá Mjulluhól, en norðaustur af bænum, er brunnur kallaður Þrettándi (120) og tjörn nefnd Hrafnbrunnur (121). Inn frá Nesi eru Gunnugarðar (122), þar inn af Hjallarif (123), það er langt rif eða tangi á leið til Hjalla (124), en það er hólmi. Þar stóðu eitt sinn sex ~~Njallir~~ <sup>paróid</sup> geymslu- og þerrihjallar fyrir fiskiföng og skipaðhöld. Austan til við hólmann er lending ( Hjallatangalending ). Þar má komast að og frá hvernig sem sjávað er. Um stórflæðar er ekki hægt að komast eftir rifinu út í hólmann, því að þá fellur sjór yfir það. Höfuð (125) heitir sker framan við lendinguna Hjallavör (126). Hjallasund (127) þar fyrir innan. Heimaeyjan eða Bæjareyjan í Svefneyjum, gengur næst Flatey að stærð, og er því næst stærsta eyjan í Flateyjarhreppi. Hún er mest vogskorin að sunnan og austan, en breiddin er 1/3 á móti lengdinni. Þriðjungur hennar er myrlendi. Tvær stærri og ein minni tjarnir eru utarlega á eyjunni, þeirra er fyrr getið sömuleiðis fjögurra hóla eða hæða, að öðru leyti má hún heita lágland. Úteyjar, beitilönd, eða heimalönd, nefnast þær eyjar, sem hægt er að ganga í um lágsjávað. Litla-Seley (128) liggur suðaustanvert við Bæjarsundið. Þar nytkast nautpeningur á sumardag. Inn af henni er Höfnin (129).

## Svefneyjar 7

15.

Það er frekar líftill bólmí, sem tengdur er næstu eyju, Langey (130), með klettariði, er aldrei fer í kaf. Í Höfninni er sagt, að þrælur Hallsteins hafi geymt bátinn, meðan þeir sváfu í þrælalág. Norður af Langey eru Standar (131), en norður af innri enda hennar eru Klápar (132), líftill klettabólmi, örskammt austur frá Hjallatanga-lendingu. Hestahleini (133) er þar gegnt Höfðinu, en Kláparif (134) tengir þá við Langey. Klápvogur (135) er innan við Klápa. Á honum, ofarlega, er Sturlaugssker (136). Inn frá því eru Norðreyjar (137), stóra og litla. Vestur af Stóru-Norðrey er Norðreyjar-sker (138), líftill grashólmi. Norðreyjasund (139) er milli Norðreyja og Graseyjar (140), sem liggur austur frá Stóru-Norðrey. Þar gengur vogur á milli, og liggur hann út fyrir sunnan Norðreyjar. Suðaustur af Langey, en þó samhliða henni, er Urðey (141) með Urðeyjarhólma (142) inn af. Innri hluti hennar heitir Kaldrani (143). Suður af Urðey er Flatey (144) með Flateyjarhólma (145). Á vestur-enda hans er brunnið grjótt. Þar út af Írland (146) stóra og litla. Verður þeirra síðar getið í sambandi við gamlar tóttir, sem þar eru. Írlandavogur (147) heitir milli Írlanda og Seleyjar og út með Akra-skæri. Írlandahólmi (148) er inn frá Stóra-Írlandi og Írlandastandur (149) norðan við hann. Vestur af Litla-Írlandi er Sæmundarsker (150). Suður af Flatey er Lundhólmi (151) og Lundhólmaflaga (152). Þar inn og suður af Hvalhólmi (153). Norður frá Flatey er ey, sem heitir Feginsbrekkur (154). Þar er vatnsból eða brunnur vestanundir háum hólmi. Hellisey (155) er beint inn af Feginsbrekkum. Þar eru fjórar smáflögur að austanverðu, Helliseyjarflögur (156), en Grasey, sem fyrir er nefnd, að norðan. Sundið milli þeirra Graseyjasund (157). Í því er sker eða flaga kölluð Árabrjóttur (158). Norðreyjavogur (159) er norður af Grasey. Helliseyjarhaus (160) er yzt á Hellisey, þar er Hellir (161), en innst á henni er Griplugjá (162). Suður af Griplugjá, og innst á Helliseyjarflögum, er Guðnýjarhöfði (163). Norður af Hellisey klettabólmi kallaður Siggusker (164). Fram af innri enda þess, eða í norður, frálaust, graslaust eker nefnt Þórðarsker (165). Inn af Hellisey eru Hrafnseyjar (166) ytri og innri, þar eru samfastar og með klettastrýtum að norðanv., á þeirri ytri er tjörn. Sunnan við þar eru Hrafnseyjarflögur (167), fjórar grasflögur. Milli þeirra og Helliseyjar er sund, Hrafnseyjastrengur (168) í honum er Ingustandur (169) og Selhaus (170), þangsker. Norðvestur frá Hrafnseyjum 1/8 mílu liggja tveir háir klettabólmar, sem kallaðir eru Klofningur (171).

## Svefneyjar 8

(Svefneyjaklofningur). Fyrir vestan Klofninginn eru skæ, sem heita Klofningsboðar (172), ytri og innri. Suðaustur frá Feginsbrekkum og Flatey, er Stóra-Seley (173), stærst af öllum beitarlöndum í Svefneyjum, þar er brunnur og gamlar Seltóttir (174). Á henni teljast þessar tangar: Austur (175), Vestur (176) - og Suðurtangi (177), ennfr. Krifutangi (178). Út af Vesturtanga er Höfðingjaflaga (179), og út af Suðurtanga eru Suðurtangaflögur (180). Út og suður af Hvalhólma er Langhólmi (181) með Langhólmsvogi (182) að norðan, en Langhólmsstandi (183) að sunnan. Danðsmannsflaga (184) er inn og suður af Langhólma. Suðaustur af Seley er Eðartangi (185). Inn af honum, en í suður frá Hrafnseyjum, er Hamarshólmi (186). Innan eða austan til við þessar eyjar er Breiðasund (187), sem er landamerkjásund milli Svefneyja og Hvallátra. Liggur það frá norðvestri til suðausturs og er fjölfarin bátaleið. Suður af Eðartanga er Hámerarsker (188). Þar suður af heitir einu nafni Öxneyjaborp (189), sem er: Stóra-Öxney (190) og Litla-Öxney (191). Milli þeirra, en þó inn frá Litlu-Öxney, eru Öxneyjaflaga (192), innst og hæst af þeim flögum sem þarna eru, er sker kallað Lotskvinna (193). Langaflaga (194) er nær áföst út frá Litlu-Öxney. Dyrflaga (195) þar út af, <sup>er</sup> Sundið á milli heitir Dyr (196). Suður af Dyrflögu er Vængjaflaga (197) og nokkru sunnar Stóraflaga (198). Út af Stóra-Öxney. Öxneyjavogur (199) milli þeirra. Selasker (200) er út frá Vængjaflögu. Hnúthólmi (201) með Hnúthólmaflögu (202) er suður af Öxneyjum. Yzti endi hans er kallaður Klofrífur (203). Þar suður af, nokkuð langur hólmi, sem heitir Strönd (204). Suðvestur af Strönd er Eðarsker (205) með litlu grasi á. <sup>Suður</sup> Vestur af Selaskeri eru Þrísker syðri (206), og önnur eru með því nafni suðvestur af Írlöndum, Fótur eða öðru nafni Svefneyjafótur (207) liggur viku sjávar suður frá Svefneyjum. Í kletthólma þessum vex skarfakál. Fóturflögur (208) út og suður af honum. <sup>Suður</sup> Einbúi (209) er norðvestur af Fæti.

Skjaldarey (210) er í vestur frá Heimaeyjunni. ~~HEIMA EYJUNNI~~ Dómastóll (211) er teningslagaður steinn norðvestan á Skjaldarey, inn frá honum er Norðurkinn (212), en út Vesturkinn (213) og Tagl (214). Út frá Tagli eru Rauðustandar (215). Innst á Skjaldarey heitir Haus (216), Suðurkinn (217) heitir út frá honum sunnanverðum. Norðan við tangann, út af Hausnum, er Víkin (218), milli hans og Rauðustanda. Skjaldareyarsund (219) er sunnan við eyna. Melsker (220) grasflaga, suðaustur frá Skjaldarey. Svartbakasker (221) þar sunnar og vestar. Norðvestur af því Flyðrusker (222). Suðvestur af því Skarfasker (223), innan við þau Skarfaskerjaröst (224), en austur af þeim Sjóleiðarflaga (225).


## Svefneyjar 9

Í Skjaldarey , sem áður er nefnd, rak skjöld Þórðar Ingunnarsonar, Sbr. Laxdælu, Rvík 1934, bls. 100. Skjaldeyjargrunn (226) eða Skjaldareyjarbrún (227), var gömul fiskislóð norður af Skjaldarey. En Skjaldareyjarsker (228) eru inn af Skjaldarey og Einbúi (229) er sérstakt sker norður af henni. Suður af Flyðru - skeri eru Skarfasker, sem áður eru nefnd. Norðaustur af þeim, en út og vestur af Skjaldarey, er önnur gömul fiskislóð, kölluð Skarfaskerjabót (230). Suður frá Sjóleiðarflögu eru Tindasker (231), syðra og vestara. Góðan spöl vestur frá þeim, eru Hndur (232), syðri og vestari, enn fremur Tvíhyrningur (233). Suður frá Hndum er Kjallaksskerjabóði (234) og Kjallaksskerjaröst (235). Kippkorn suðaustur af Kjallaksskerjaboða eru Kjallaksskerin (236) og suður af þeim Leiðarsker (237), Leiðarsund (238) milli þeirra. Lengra í suður eru Mundaflaga (239) og Bölluboði (240). Rétt vestur af Bölluboða er og Lotskvinna (241). Þá koma Álaskerin (242), Stóribóði (243) er þar norðaustur af, en nyrst í þeim skerjaklasa, heita Selagarðar (244). Öll þessi síðast nefndu sker eru nærri leiðum milli Flateyjar og Bjarneyja. Og mikið grunnsevi frá Svefneyjum alla leið út fyrir Álasker, en það er um eina viku sjávar. Á Álaskerjum var landselur stundum drepinn uppi. Sundið milli Svefneyja og Flateyjar er fymist kallað Svefneyja-eða Flateyjarsund (245). Það er 1/2 vika sjávar og eði misdjúpt (áttatíu faðmar djúpst), grynna við Flatey en Svefneyjar. Nú hverfum við aftur austur á bóginn til Írlanda, sem áður er getið. Þau eru eiginlega tvö, Stóra-Írland (246), sem er mjög vogskorið.

## Svefneyjar 10

Þar er lending í lítilli vík. Upp frá víkinni eru mjög fornlegar tóttir. Þetta eru kölluð Íranaust (247) og gatu verið frá dögum írskra einsetumanna (Papa) hér á landi, þá fyrir landnámsöld, sem víða munu hafa verið, einkum þó austan- og sunnanlands. Ef til vill getur hér verið um að ræða uppsátur írskra fiskimanna síðar, meðan Dreifafjörður var allur fullur af fiski jafnvel innst inn í fjarðabotna. Suðaustúr af Íröndum eru þrísker (248) og þar suður af nokkur sker, kölluð Leiðar-skur (249). Suðvestur af þeim eru Suðursker (250), en austur af Sæmundarskeri er Litla-Írland (251).

Þeim gerðum Landnámu, sem minnst á þræla Hallsteins, ber saman um, að hann hafi herjað í Skotlandi og tekið þá þar. Þórnárbók segir enn fremur: "Þá sendi hann til saltgerðar í Svefneyjar. Þar höfðu þeir Hallsteins þrælahag fram." En í Sturlubók sýnist þetta vera eins, nema þar stendur: "Þar höfðu þeir (þ.e. þrælarnir) Hallsteins bæla hag fram." Það er, ef til vill, út af þessu óljósa orðalagi, að arfsögnin um aðdrif og ávilok þrælanna hefur myndast. Og einmitt orðið þeim í óhag, líklega vegna misskilnings. En þjóðsagan er einnig tilrunn til skýringar á Svefneyjar nafninu, en merking þess er mörgum óráðin gáta. Þótt Landnámabók segi að þrælarnir hafi verið fluttir frá Skotlandi, þá er samt ekki loka fyrir það skotið, að þeir hafi getað verið írskir að eitt og uppruna. Og öll þau ornefni í Svefneyjum, sem kennd eru við Íra, eigi röt sína að rekja til þrælanna hans Hallsteins, sem efalaust hefur atlað þeim fleiri störf þar í eyjunum en saltgjörðina eina, t. d. fiskiróðra. Sagt er að séra Friðrik Eggerz hafi fyrstur <sup>Semmiðla</sup> manna skráð þjóðsöguna um þræla Hallsteins. Síðan hafi séra Eiríkur Kúld í Stykkishólmi sagt Dr. Konrad Maurer hana eins og hún birtist í Þjóðsögum Jóns Árnasonar 1864.



## Svefneyjar 11

Akraflaga.....	28	Efstibar.....	8
Akrabolt.....	21	Einbúi.....	209, 229
Akramýri.....	22	Eyjarendagrund.....	64
Akrar.....	20	Eyjarendamýri.....	66
Akrasker.....	27	Eyjarendasund.....	68
Akraveggir.....	28	Eyjarendavík.....	70
Akravík.....	23	Eyjarendavogur.....	52
Auðmuhjalli.....	79	Eyjarendi .....	63
Austurtangi.....	175	Fagraflöt.....	75
Álasker.....	242	Feginsbrekkur.....	154
Arabryótur.....	158	Flatey.....	144
Barnahlein.....	106	Flateyjarhólmi .....	145
Barnaklettur.....	10	Flateyjarsund.....	245
Bessatá.....	71	Flyðrusker.....	222
Bessatársker.....	72	Fótarflögur.....	208
Breiðasund.....	187	Fótur ( Svefneyjafótur.)	207
Byrgishöfði.....	94	Goðahóll.....	8
Bæjarsund.....	47	Góðasund.....	46
Bölluboði.....	240	Grasey.....	140
Dauðsmannsflaga....	184	Graseyjarsund.....	157
Djúpavík.....	78	Grátur.....	74
Djúpavíkurflögur....	81	Griplugjá.....	182
Dómastóll.....	211	Guðnýjarhöfði.....	183
Dómsæti.....	17	Gunnarskofi. Sjá no.	19
Draugagjá.....	61	Gunnugarðar .....	122
Dyr.....	196	Gvendarbrunnur.....	110
Dyraflaga.....	195	Hamar.....	9

## Svefneyjar 12

Hamarshólmi .....	186	Höfðingjaflaga...	179
Haugar.....	109	Höfn.....	129
Haus.....	216	Höfuð.....	125
Hámerarsker.....	188	Ingustandur.....	169
Heimaey.....	1	Innribær.....	3
Hellir.....	161	Íranaust.....	247
Hellisey.....	155	Írland.....	146
Helliseyjarflögur.....	156	Írlandahólmi.....	148
Helliseyjarhaus.....	160	Írlandastandur.....	149
Hestahlein.....	133	Írlandavogur.....	147
Hjallahlein.....	115	Jarlakinn.....	107
Hjallar.....	124	Kaldrani.....	143
Hjallarif.....	123	Kjallakssker.....	236
Hjallasund.....	127	Kjallaksskerjaboði....	234
Hjallatangelending, 6jg	124	Kjallaksskerjaröst....	235
Hjallavör.....	126	Kjallar aflöt.....	15
Hndur.....	232	Klápar.....	132
Hrafnaskjól.....	53	Kláparif.....	134
Hrafnsbrunnur.....	121	Klápavogur.....	135
Hrafnseyjaflögur.....	167	Klofningsboði.....	172
Hrafnseyjastrengur,..	168	Klofningur..	171
Hrafnseyjar.....	166	Klofrifur.....	203
Hrúthólmaflaga.....	202	Krifutangi.....	178
Hrúthólmi.....	201	Langaflaga.....	194
Húsatún.....	91	Langaflöt.....	18
Húshöfði.....	92	Langey.....	130
Hvalhólmi.....	153	Langholt.....	30

## Svefneyjar 13

Langhóltsbrunnur...	112	Nes.....	41
Langhólmastandur....	183	Nesmór.....	35
Langhólmafogur.....	182	Níclsarbrunnur.....	117
Langhólmi.....	181	Norðurey(stóra og litla)	137
Langstrókasker....	45	Norðureyjasker.....	138
Leggjabrjótur.....	29	Norðureyjasund.....	139
Leiðarsker..	237,249	Norðureyjavogur.....	159
Leiðarsund.....	238	Norðurkinn.....	212
Litla-Írland.....	251	Pálsmór.....	118
Litla-Seley.....	128	Péturspartur.....	73
Litla-Öxney.....	191	Piltasemma.....	108
Lotskvinna.....	103,241	Ranaklettur.....	102
Lónatjörn.....	51	Ranakofi.....	101
Lundaberg.....	65	Ranamýri.....	119
Lundhólmaflaga....	152	Rani.....	100
Lundhólmi.....	151	Rauðustandar.....	215
Megra.....	12	Saltgrafir.....	114
Melsker.....	220	Sandur.....	96
Miðeyjarmýri.....	50	Sandvík.....	84
Miðeyjartjörn.....	55	Sandvíkurbali.....	85
Miðvallarber.....	6	Sandvíkursker.....	93
Miðvöllur.....	13	Selagarðar.....	244
Mylluhóll.....	116	Selasker.....	200
Mundaflaga.....	239	Selhaus.....	170
Naust.....	98	Seltóttir.....	174
Nausthóll....	99	Siggusker.....	164
Nautabrunnur.....	113	Sjóleiðarflaga.....	225
Nátthagi-Strákagarður	82	Skallareitur.....	37

## Svefnoyjar 14

Skarfasker.....	223	Stekkjjarhólsboði..	59
Skarfaskerjabót....	230	Stekkjjarhvammur...	57
Skarfaskerjagrunn		Stekkjartjörn.....	58
Skarfaskerjaröst....	224	Stekkur.....	56
Skáholt.....	86	Stóraflaga.....	198
Skiparétt.....	97	Stóra-Irland.....	246
Skjaldarey.....	210	Stóramýri.....	31
Skjaldareyjarbót...	244	Stóra-Seley.....	173
Skjaldareyjarbrún..	227	Stórasker.....	242
Skjaldareyjargrunn.	226	Stóra-Öxney .....	180
Skjaldareyjarsker..	228	Stórhóll.....	76
Skjaldareyjarsund.	219	Stóriboði.....	243
Skjallnes.....	32	Stóribrunnur.....	87
Skjallnesgrund.....	38	Strákagarður.....	83
Spillir-Sauðaspillir	42	Strákar.....	80
Spillishaus.....	43	Strönd.....	204
Spillisháls.....	44	Sturlangssker.....	136
Stakholt.....	90	Stöðull.....	104
Standar.....	131	Stöðulsbrekka.....	105
Steðjapartur.....	49	Suður-Einbúi.....	209
Steðji.....	48	Suðarkinn.....	217
Steinbogi.....	24	Suðursker.....	250
Steinkell.....	34	Suðurtangaflogur..	180
Steinkelsvík.....	33	Suðurtangi.....	177
Steinkuhellir.....	39	Suðurvöllur.....	11
Steinkuklettur.....	38	Svarðarholt.....	88
Stekkjjarhóll.....	54	Svarðarholtsbrunnur	89

## Svefneyjar 15

Svarbakasker.....	221	Vík.....	218
Svefney.....	4	Vængjaflaga.....	197
Svefneyjasund.....	245	Ytranæs.....	40
Sveinsklettur.....	95	Ytribær.....	5
Sæmundarsker.....	150	Þinghóll.....	7
Sölvaeypri, við Hrafnsey.		Þinghólsflögur.....	111
Tagl.....	214	Þórðarsker.....	165
Tangi.....	25	Þrettáandi.....	120
Tindasker.....	231	Þrísker..	206,248
Torfhóll.....	77	Þrælalág.....	103
Traðir.....	16	Þumall.....	62
Turnhóll.....	60	Þverbali.....	67
Tvíhyrningur (í Djúpi)	233	Þóarsker.....	205
Undirtröð.....	19	Þóartangi=Þóitangi	185
Urðey.....	141	Öðustandur.....	60
Urðeyjarhólmi.....	142	Öxneyjaflaga.....	192
Vesturkinn.....	213	Öxneyjavogur.....	199
Vesturtangi.....	176	Öxneyjaþorp.....	189
Vesturvöllur.....	14		



Island	2012			2013			2014			2015			2016			2017		
	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total
Fegnbrekkur	106	11	117	97	12	109	91	11	102	81	14	95	97	5	102	75	12	87
Flatey	60	14	74	52	5	57	43	9	52	48	8	56	43	4	47	46	5	51
Flateyjarhölmur	8	4	12	7	0	7	4	0	4	6	2	8	10	1	11	4	0	4
Hamarsbölmur	14	6	20	15	4	19	13	3	16	11	5	16	12	0	12	7	5	12
Heimsey	752	70	822	629	96	725	519	71	590	710	147	857	603	47	650	617	114	731
Hellosey	76	28	104	64	6	70	58	12	70	63	26	89	42	5	47	56	23	79
Hrafseyjar	111	16	127	86	27	113	69	23	92	102	26	128	78	6	84	57	39	96
Hraúsbölmur	24	10	34	29	1	30	16	3	19	27	4	31	26	0	26	8	1	9
Hvalbölmur	20	4	24	14	0	14	8	2	10	11	2	13	11	0	11	9	4	13
Höfn	3	1	4	5	0	5	4	0	4	2	2	4	4	0	4	2	1	3
Grasey	94	20	114	80	19	99	66	16	82	85	19	104	80	5	85	75	15	90
Írlönd	93	22	115	89	14	103	82	12	94	82	4	86	94	9	103	79	19	98
Klápár	35	2	37	31	6	37	26	10	36	26	4	30	26	1	27	25	7	32
Langey	106	13	119	71	30	101	72	10	82	120	18	138	70	9	79	84	16	100
Langhölmur	49	4	53	40	6	46	31	7	38	29	7	36	29	3	32	31	13	44
Lundhölmur-flaga	42	2	44	35	5	40	29	4	33	31	5	36	30	4	34	28	10	38
Meisker	44	11	55	47	10	57	42	3	45	47	18	65	48	2	50	52	6	58
Norðureyjar	68	14	82	67	18	85	60	11	71	64	20	84	69	9	78	74	12	86
Seley	56	14	70	47	15	62	46	4	50	37	12	49	36	7	43	42	7	49
Skjaldarey	120	28	148	128	22	150	100	9	109	119	33	152	132	3	135	201	7	208
Strönd	12	5	17	11	7	18	6	3	9	6	6	12	3	1	4	8	1	9
Stóra Seley	256	34	290	219	43	262	189	39	228	238	51	289	156	24	180	187	63	250
Siguskur	12	6	18	15	3	18	13	1	14	11	3	14	7	3	10	6	6	12
Æðarsker	10	2	12	10	1	11	6	1	7	8	1	9	7	0	7	8	0	8
Æðitangi	34	3	37	27	11	38	26	10	36	35	4	39	38	9	47	27	21	48
Urðey	92	29	121	75	28	103	87	17	104	74	28	102	63	9	72	72	19	91
Örnseyjar	77	19	96	72	17	89	65	13	78	68	14	82	59	3	62	56	2	58
Fáturinn	0	8	8	10	0	10	4	0	4	8	0	8	10	0	10	11	0	11
<b>Total Weight</b>	<b>2374</b>	<b>400</b>	<b>2774</b>	<b>2072</b>	<b>406</b>	<b>2478</b>	<b>1775</b>	<b>304</b>	<b>2079</b>	<b>2149</b>	<b>483</b>	<b>2632</b>	<b>1883</b>	<b>169</b>	<b>2052</b>	<b>1947</b>	<b>428</b>	<b>2375</b>

Island	2018			2019			2020			2021			2022			2023		
	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total	1st	2end	total
Fegnbrekkur	76	8	84	81	30	111	50	18	68	67	0	67	71	0	71	47	0	47
Flatey	42	4	46	44	12	56	39	9	48	51	0	51	38	6	44	33	0	33
Flateyjarhölmur	5	0	5	5	5	10	7	2	9	6	0	6	7	1	8	14	0	14
Hamarsbölmur	10	0	10	10	6	16	12	1	13	11	0	11	17	2	19	66	0	66
Heimsey	559	31	590	677	106	783	648	72	720	640	0	640	645	21	666	558	50	608
Hellosey	49	14	63	69	26	95	65	11	76	75	0	75	80	4	84	86	0	86
Hrafseyjar	51	24	75	64	30	94	70	9	79	93	0	93	79	10	89	34	0	34
Hraúsbölmur	20	0	20	16	2	18	22	2	24	21	0	21	24	0	24	64	0	64
Hvalbölmur	11	0	11	10	5	15	9	2	11	12	0	12	11	0	11	11	0	11
Höfn	2	0	2	5	0	5	6	1	7	6	0	6	7	0	7	73	0	73
Grasey	61	2	63	58	29	87	70	12	82	71	0	71	80	3	83	14	0	14
Írlönd	63	12	75	79	17	96	87	27	114	80	0	80	85	16	101	11	0	11
Klápár	19	0	19	30	5	35	31	0	31	35	0	35	32	3	35	7	0	7
Langey	83	9	92	93	13	106	101	16	117	89	0	89	95	3	98	107	0	107
Langhölmur	30	0	30	33	7	40	40	10	50	31	0	31	53	2	55	36	0	36
Lundhölmur-flaga	32	0	32	27	0	27	21	1	22	21	0	21	0	6	6	33	0	33
Meisker	44	0	44	45	10	55	39	5	44	38	0	38	68	0	68	42	0	42
Norðureyjar	61	6	67	66	15	81	72	11	83	72	0	72	96	3	99	78	0	78
Seley	47	1	48	47	16	63	47	11	58	51	0	51	61	9	70	62	0	62
Skjaldarey	138	8	146	165	20	185	190	8	198	219	0	219	236	0	236	107	0	107
Strönd	11	0	11	21	0	21	12	1	13	15	0	15	13	0	13	12	0	12
Stóra Seley	153	11	164	179	46	225	139	34	173	155	0	155	148	0	148	139	0	139
Siguskur	8	1	9	9	1	10	13	0	13	8	0	8	12	1	13	8	0	8
Æðarsker	14	0	14	7	2	9	9	2	11	7	0	7	11	0	11	8	0	8
Æðitangi	38	0	38	38	21	59	37	13	50	33	0	33	53	0	53	51	0	51
Urðey	71	6	77	88	8	96	79	23	102	87	0	87	98	21	119	104	0	104
Örnseyjar	66	1	67	56	21	77	63	18	81	72	0	72	92	0	92	73	0	73
Fáturinn	7	0	7	7	0	7	8	0	8	10	0	10	0	10	10	0	0	0
<b>Total Weight</b>	<b>1771</b>	<b>138</b>	<b>1909</b>	<b>2029</b>	<b>453</b>	<b>2482</b>	<b>1986</b>	<b>319</b>	<b>2305</b>	<b>2076</b>	<b>0</b>	<b>2076</b>	<b>2212</b>	<b>121</b>	<b>2333</b>	<b>1878</b>	<b>50</b>	<b>1928</b>